

**LÖG**  
**um breytingar á ýmsum lögum vegna innleiðingar á tilskipun  
2005/29/EB um óréttmæta viðskiptahætti.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

**I. KAFLI**  
**Breyting á lögum nr. 56/2007, um samvinnu stjórnvalda  
á Evrópska efnahagssvæðinu um neytendavernd.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „skulu hafa lagagildi hér á landi“ í 1. málsl. kemur: skulu, að undanskildum viðauka við reglugerðina, hafa lagagildi hér á landi.
- b. Í stað orðsins „Reglugerðin“ í 2. málsl. kemur: Reglugerðin, að undanskildum viðauk-anum.
- c. Við bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
Viðskiptaráðherra skal í reglugerð kveða á um að viðauki við reglugerð skv. 1. mgr. og breytingar á honum, sem innleiddar hafa verið, skuli hafa reglugerðargildi hér á landi.

**II. KAFLI**  
**Breyting á lögum nr. 141/2001, um lögbann og dómsmál  
til að vernda heildarhagsmuni neytenda.**

2. gr.

1. tölul. 1. gr. laganna orðast svo: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum.

**III. KAFLI**  
**Innleiðing á tilskipun og gildistaka.**

3. gr.

Lög þessi fela í sér innleiðingu á 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/29/EB frá 11. maí 2005 um óréttmæta viðskiptahætti gagnvart neytendum á innri markaðnum og um breytingu á tilskipun ráðsins 84/450/EBC, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 97/7/EB, 98/27/EB og 2002/65/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 (Tilskipun um óréttmæta viðskiptahætti).

Nr. 82

4. ágúst 2009

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. ágúst 2009.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Gylfi Magnússon.*

---

A-deild – Útgáfud.: 7. ágúst 2009